



# Lögbingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.  
Netfang: logbingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbingablad.is.  
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)  
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 50 119. ár

24. mars 2026

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Innköllun - félagsslit Glitnir HoldCo ehf.

Á hluthafafundi Glitnis HoldCo ehf., kt. 550500-3530 (hér eftir „félagið“) sem haldinn var þann 16. janúar 2026 kl. 14:15, var samþykkt að slíta félaginu á grundvelli 1. mgr. 85. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Í framhaldi var haldinn hluthafafundur hjá félaginu þann 16. janúar 2026, kl. 15:00, þar sem efnahags- og rekstrarreikningur fyrir félagið var lagður fram í samræmi við 1. mgr. 85. gr. laga nr. 138/1994 og skilanefnd skipuð.

Í skilanefnd voru kjörnir Ragnar Björgvinsson, kt. 260985-3109, lögmaður, og Ingólfur Hauksson, kt. 040660-5349, endurskoðandi. Þann 2. mars 2026 var framangreind skilanefnd löggilt til starfsins af fyrirtækjaskrá Skattsins í samræmi við 3. mgr. 86. gr. laga nr. 138/1994.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum skriflega innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skilanefnd á pósthfangið Glitnir HoldCo ehf., Langholtsvegi 111 (2. hæð), 104 Reykjavík eða á netfangið [creditorclaims@glitnir.info](mailto:creditorclaims@glitnir.info).

Skilanefnd hefur ákveðið að boða lánardrottna og hluthafa félagsins til fundar að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, þann 23. júní 2026 og hefst fundurinn klukkan 11.00.

**Ragnar Björgvinsson** lögmaður.

**Ingólfur Hauksson** endurskoðandi.

Reykjavík, 13. mars 2026

20260316015B

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Innköllun - Sameining lífeyrissjóða

Með samningi undirrituðum 20. október 2025 samþykktu stjórnir Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands, kt. 430269-1519, og Frjálsa lífeyrissjóðsins, kt. 600978-0129, að lífeyrissjóðirnir skyldu sameinast. Sameiningin var samþykkt á sjóðfélagafundi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 13. nóvember 2025. Sameiningin felur í sér að Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands sameinast að fullu Frjálsa lífeyrissjóðnum. Sameiningin var samþykkt með fyrirvara um staðfestingu fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sameiningarsamningurinn hefur og verið tilkynntur Samkeppniseftirliti. Samkvæmt samningi aðila tekur Frjálsi lífeyrissjóðurinn yfir allar eignir og skuldbindingar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands að virtu mati á stöðu þeirra um áramót 31. desember 2025. Sameining sjóðanna verður nánar kynnt á ársfundum þeirra 2026, enda liggja þá fyrir samþykki eftirlitsaðila.

Í samræmi við 2. mgr. 49. gr., sbr. 3. mgr. 48. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er með auglýsingu þessari skorað á lánardrottna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands að lýsa kröfum sínum á hendur sjóðnum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Innköllun þessi hefur sömu áhrif og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti sbr. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 129/1997. Kröfulýsingar skal senda til skrifstofu undirritaðs að Skólavörðustíg 25, 101 Reykjavík.

Reykjavík, 12. mars 2026  
f.h. Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands,  
**Stefán Árni Auðólfsson lögmaður.**  
20260316008B

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Fyrirkall - Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum nr. 76/2003

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, Hlíðasmára 1, Kópavogi, gerir kunnugt: Gerð hefur verið krafa um að Rafael Allen Rodriguez, f.d. 14. janúar 2000, 2/58 Clarendon st. Queensland 4169, Ástralíu, greiði einfalt meðlag samkvæmt 57. gr. barnalaga nr. 76/2003, með barni sínu, frá 1. janúar 2026 til 18 ára aldurs.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skoðað á Rafael Allen Rodriguez að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi, mánudaginn 27. apríl 2026 kl. 10:00.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Kópavogi, 23. mars 2026  
**Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.**  
20260323013A

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Dómsbirting - mál nr. S-122/2025

### Héraðsdómur Austurlands

Dómur 22. janúar 2026

Mál nr. S-122/2025:

### Ákærvaldið

(Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari)

### gegn

**Ionut-Daniel Vlad og Nicolae Stoica**

(Jón Jónsson lögmaður)

### Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, var höfðað með ákæru útgefinni 15. ágúst á síðasta ári af lögreglustjóranum á Austurlandi, á hendur Ionut-Daniel Vlad, kt. 180596-5429, með óþekkt lögheimili í Bretlandi, og Nicolae Stoica, kt. 250387-5129, Skyggnisbraut 20 í Reykjavík, fyrir þjófnaði samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, í tveimur ákæruliðum.

Á dómþingi 3. desember síðastliðinn var fallið frá síðari ákæruliðnum af þessum tveimur. Að endingu varða sakargiftir á hendur ákærðu þannig þjófnaði fyrir að hafa einhvern tímann á tímabilinu frá 5. september til 6. september 2023 í félagi brotist inn á verkstæði í eigu fyrirtækisins [...] að [...] og stolið þaðan kapalpressu af gerðinni Milwaukee í svartri tösku að verðmæti 430.000 krónur, klemmum í kapalpressu að verðmæti 50.000 krónur, höggborvél ásamt fylgihlutum í grænblárrí tösku af gerðinni Makita að verðmæti 200.000 krónur, 12V hleðsluborvél af gerðinni Milwaukee að verðmæti 50.000 krónur, DeWalt-slípirokk að verðmæti 50.000 krónur, afeinangrunarvél af gerðinni Milwaukee að óþekktu verðmæti, ásamt koparvírurum að verðmæti 507.944 krónur, koparrörum, koparskinnum, pressutengjum, rafmagnsköplum, afklippum, koparstöng og öðrum smáhlutum og verkfærum að óþekktu heildarverðmæti, og fyrir að hafa á sama tíma og á sama stað brotist inn í bifreið sem stóð

utandyra við verkstæðið og stolið þaðan fjórum felgum undir bifreið af gerðinni Volvo 740 og fjórum sex gata jeppafelgum að óþekktu heildarverðmæti.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu krefst [...], fyrir hönd [...], þess að ákærðu greiði sameiginlega skaðabætur að fjárhæð 559.032 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af fyrrgreindri fjárhæð frá 6. september 2023 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk þess sem þeim verði að mati dómsins gert að greiða kostnað við að halda kröfunni uppi.

Um málsatvik er skírskotað til þess sem að framan greinir, sbr. ákæruskjal.

Við þingfestingu málsins 3. desember síðastliðinn játaði ákærði Nicolae Stoica skýlaust að hafa gerst sekur um fyrrgreinda háttsemi, sem tilgreind er í I. ákærulið, og samþykkti bótakröfu sem rakin er til þess ákæruliðar. Greinargerð með bótakröfunni var birt ákærða Nicolae Stoica í þinghaldinu. Aftur á móti neitaði sá ákærði sakargiftum samkvæmt II. lið ákærunnar að tilteknum skýringum gefnum og í kjölfarið var af hálfu ákærvalds fallið frá II. lið ákærunnar. Fyrir þingfestingu hafði ekki tekist að birta ákærða Ionut-Daniel Vlad fyrirkall, ákæru og greinargerð með bótakröfu, en í þinghaldinu var upplýst með vísan til gagna að óvíst væri um dvalarstað þess ákærða í Bretlandi. Að svo komnu máli, að gættu fyrrgreindu brottfalli á ákærulið II, að gögnum málsins að öðru leyti og því sem upplýst var í þinghaldinu, var gefið út nýtt fyrirkall samkvæmt næstsíðasta málslið 1. mgr. 155. gr. laga nr. 88/2008 til birtingar af hálfu lögreglu ásamt ákæru og greinargerð með bótakröfu vegna þess ákærða. Var meðferð málsins í kjölfarið frestað til gærdagsins.

Fyrirkall og sá hluti ákæru sem ekki hafði verið fallið frá samkvæmt framansögðu, þar á meðal einkaréttarkrafa, voru svo birt ákærða Ionut-Daniel Vlad í Lögbirtingablaði 9. desember 2025 og er staðfesting þess á meðal málgagna. Í fyrirkalli kom meðal annars fram að sækti sá ákærði ekki þing mætti hann búast við að fjarvist hans yrði metin til jafns við það að hann viðurkenndi að hafa framið það brot sem hann væri ákærður fyrir og að dómur yrði lagður á málið að honum fjarstöddum. Greinargerð með bótakröfu var á hinn bóginn ekki birt samhliða.

Var málið því tekið til dóms í gær á grundvelli 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvað viðkom ákærða Ionut-Daniel Vlad, en á grunni 164. gr. sömu laga hvað viðkom ákærða Nicolae Stoica eftir að gefinn hafði verið kostur á að koma að sjónarmiðum um lagaatriði, ákvörðun viðurlaga og bótakröfu.

Af hálfu ákærða Nicolae Stoica er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og var að auki meðal annars af hans hálfu fjallað um ákvörðun dráttarvaxta af einkaréttarkröfu og krafist þóknunar handa skipuðum verjanda vegna starfa verjandans í þágu þess ákærða.

Dómurinn telur sannað, með vísan til þess sem að framan greinir og gagna málsins, að ákærðu hafi framið þá háttsemi sem þeim er að endingu gefin að sök og er háttsemi þeirra réttilega heimfærð til refsíákvæðis í ákæru. Ákærðu eru því sakfelldir fyrir háttsemina og hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorðum, og fyrirliggjandi upplýsingum um sakaferil ákærðu erlendis frá, hefur hvorugur þeirra áður gerst sekur um háttsemi sem þýðingu hefur við ákvörðun refsingar nú, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 71. gr. sömu laga. Þá er og til þess að líta að ákærði Nicolae Stoica mætti fyrir dóm við þingfestingu málsins, eftir að hafa ekið til Egilsstaða frá höfuðborgarsvæðinu, til þess að greina frá sínum þætti málsins í dómsal. Fram er komið að hann gaf skýringar á þeim sakargiftum sem fallið var frá fyrir dómi og upplýsti málið, hvort tveggja að því marki og með skýlausri játningu á þeirri háttsemi sem að framan greinir, auk þess að samþykkja einkaréttarkröfu. Þykja þessi atriði horfa honum sér í lagi til málsbóta, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. laganna. Þá leið og nokkur tími frá því að ákærðu viðhöfðu háttsemina til útgáfu ákæru og dómsálagningar sem ákærðu verður að málgögnum virtum ekki kennt um. Á hinn bóginn unnu ákærðu þá háttsemi sem þeir eru sakfelldir fyrir í sameiningu og horfir það til refsilyngingar, sbr. 2. mgr. sama lagaákvæðis. Eins og hér hagar til þykir refsing ákærða Ionut-Daniel Vlad samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin

fangelsi í 60 daga, en refsing ákærða Nicolae Stoica samkvæmt sama lagaákvæði hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga. Fullnustu refsinga beggja þykir mega fresta í tvö ár haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. þeirra laga.

Af hálfu stjórnarformanns og framkvæmdastjóra fyrir hönd kröfuhafa er krafist sameiginlega 559.032 króna í skaðabætur úr hendi ákærðu. Þeirri kröfu til stuðnings hefur verið lögð fram greinargerð fyrirsvarsmannsins, þar sem í samræmi við áskilnað laga er grein gerð fyrir kröfunni, og lögð fram gögn um hið fjárhagslega tjón félagsins, sem samkvæmt því sem að framan greinir verður rakið til háttsemi ákærðu. Um vexti af kröfu félagsins fer samkvæmt því sem greinir í dómsorði, þar af verða vextir samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu dæmdir frá 9. janúar 2026 með vísan til síðari málsliðar 9. gr. laganna í ljósi þess hvernig hér hagaði til og áður er rakið. Þá bera gögn málsins eða annað það sem fram er komið við meðferð þess ekki með sér kostnað af því að halda kröfunni uppi.

Ekki leiddi annan sakarkostnað af málinu en þóknun skipaðs verjanda ákærða Nicolae Stoica, Jóns Jónssonar lögmanns. Í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og meðferð málsins fyrir dómi verður ákærði dæmdur til að greiða helming þóknunar verjandans, sem í heild þykir, að virtri tímaskýrslu og umfangi málsins, hæfilega ákveðin 221.340 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Ionut-Daniel Vlad, sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þess að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði, Nicolae Stoica, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þess að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu Ionut-Daniel Vlad og Nicolae Stoica greiði [...] sameiginlega 559.032 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 6. september 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá 9. janúar 2026 til greiðsludags.

Ákærði, Nicolae Stoica, greiði helming þóknunar skipaðs verjanda síns, Jóns Jónssonar lögmanns, sem í heild er 221.340 krónur.

9. mars 2026

**Hákon Þorsteinsson.**

20260316012B

Útgáfud.: 23. mars 2026

## **Dómsbirting - mál nr. S-6076/2025**

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-6076/2025.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Antonio Lopez Martin, greiði 130.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 8 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 61.228 krónur í sakarkostnað.

**Sigurbjörg Birta Berndsen.**

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Reykjavík, 17. mars 2026  
f.h. Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu,  
**Jakob Steinn Stefánsson saksóknarfulltrúi.**  
20260323003A

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-649/2026

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-649/2026.

**Ákærandi:** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

**Ákærði:** Osvaldas Zaveckas, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 4. maí 2026 kl. 13:30.

**Staður:** Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 16. mars 2026.

**Jón Stefán Björnsson** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 18. mars 2026.

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Osvaldas Zaveckas, fæðingadagur: 01.12.1995, ríkisfang: Litháen, fyrir peningaþvætti með því að hafa á tímabilinu 30. október 2025 til 1. nóvember 2025 tekið við samtals 4.005.000 kr. í reiðufé frá óþekktum aðila eða aðilum en ákærða gat ekki dulist að um væri að ræða ávinning af refsiverðum brotum. Ákærði var með reiðuféð í förum sínum þegar hann var handtekinn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 1. nóvember 2025 á leið til Riga, Lettlandi, með flugi nr. BT170.

Með háttsemi sinni móttók ákærði ávinning af refsiverðum brotum, geymdi ávinninginn, flutti og leyndi ávinningnum og upplýsingum um uppruna, eðli, staðsetningu og ráðstöfun hans.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að gerðar verði upptækar með dómi samtals 4.005.000 kr. sem lögregla fann og haldlagði og varðveittar eru sem innistæða á bankareikningi lögreglustjórans á Suðurnesjum auk vaxta og verðbóta af framangreindri fjárhæð frá 1. nóvember 2025 til greiðsludags samkvæmt heimild í 69. gr. og 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 18. mars 2026

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

20260323006A

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-650/2026

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-650/2026.

**Ákærandi:** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

**Ákærði:** Olivia Linnea Parman, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 4. maí 2026 kl. 13:15.

**Staður:** Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 16. mars 2026.

**Jón Stefán Björnsson** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 18. mars 2026.

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Olivia Linnea parman, fæðingadagur: 05.07.1981, ríkisfang: Svíþjóð, fyrir peningabætti með því að hafa á tímabilinu 25. nóvember 2023 til 28. nóvember 2023 tekið við samtals 17.850 evrur í reiðufé frá óþekktum aðila eða aðilum en ákærðu gat ekki dulist að um væri að ræða ávinning af refsiverðum brotum. Ákærða var með reiðuféð í fórum sínum þegar hún var handtekin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 28. nóvember 2023 á leið til París, Frakklandi, með flugi nr. TO4408.

Með háttsemi sinni móttók ákærða ávinning af refsiverðum brotum, geymdi ávinninginn, flutti og leyndi ávinningnum og upplýsingum um uppruna, eðli, staðsetningu og ráðstöfun hans.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að gerðar verði upptækar með dómi samtals 17.850 evrur sem lögregla fann og haldlagði og varðveittar eru sem innistæða á bankareikningi lögreglustjórans á Suðurnesjum auk vaxta og verðbóta af framangreindri fjárhæð frá 28. nóvember 2023 til greiðsludags samkvæmt heimild í 69. gr. og 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 18. mars 2026

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

20260323007A

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Innköllun protabús - GJ dúkalagnir ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldprotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldprotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

### Nafn bús:

GJ dúkalagnir ehf,  
kt. 510806-0420,  
Móavegi 2, 112 Reykjavík

### Frestdagur:

5. desember 2025

### Skiptafundur:

10. júní 2026  
miðvikudaginn  
kl. 10:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið sunna@logmal.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 13. mars 2026  
f.h. Magnúsar Óskarssonar hrl.  
**Sunna Magnúsdóttir lögmaður**  
20260316002B

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Innköllun þrotabús - Popup ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús:  | Frestdagur:       | Skiptafundur:                               |
|--|-------------------|---|
| Popup ehf.,<br>kt. 620219-0960,<br>Snæfríðargötu 7, Mosfellsbæ | 12. nóvember 2025 | 10. júní 2026<br>miðvikudaginn<br>kl. 10:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið sunna@logmal.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 13. mars 2026  
f.h. Hrefnu Þórsdóttur lögmanns  
**Sunna Magnúsdóttir lögmaður**  
20260316004B

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Innköllun þrotabús - M. Sturluson ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 11. janúar 2023 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús:   | Frestdagur:       | Skiptafundur:                             |
|---|-------------------|---|
| M. Sturluson ehf,<br>kt. 550306-0930,<br>Barrholti 27, Mosfellsbæ | 16. nóvember 2022 | 4. júní 2026<br>fimmtudaginn<br>kl. 10:30 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík (Lögmál ehf.).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, 2. hæð, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 9. mars 2026  
f.h. Magnúsar Óskarssonar hrl.  
**Sunna Magnúsdóttir lögmaður**  
20260316009B

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Innköllun þrotabús - Yoda Film slf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 11. janúar 2023 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús:   | Frestdagur:       | Skiptafundur:                             |
|---|-------------------|---|
| Yoda Film slf.,<br>kt. 440216-0990,<br>Nesvegi 104, Seltjarnarnesbæ | 22. nóvember 2022 | 4. júní 2026<br>fimmtudaginn<br>kl. 10:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík (Lögmál ehf.).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, 2. hæð, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 9. mars 2026  
f.h. Magnúsar Óskarssonar hrl.  
**Sunna Magnúsdóttir lögmaður**  
20260316010B

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Innköllun þrotabús - ICE work ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 5. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

ICE work ehf.,  
kt. 621112-0310,  
Stekkjarflöt 2, Garðabæ

**Frestdagur:**

24. september 2025

**Skiptafundur:**

27. maí 2026  
miðvikudaginn  
kl. 10:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið joip@eyjar.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjuvegi 23, 2. hæð, Vestmannaeyjum, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Vestmannaeyjum, 9. mars 2026  
**Jóhann Pétursson lögmaður**  
20260316011B

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Innköllun dánarbús - Guðlaug Jónsdóttir

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 12. febrúar 2026 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

**Dánarbú, nafn:**

Guðlaug Jónsdóttir,  
kt. 151147-4109,  
síðasta heimilisfang:  
Furugrund 58, Kópavogi

**Dánardagur:**

5. september 2025

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík (Lögmál ehf.).

Reykjavík, 9. mars 2026  
**Sunna Magnúsdóttir lögmaður**  
20260316013B

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Innköllun þrotabús - AD lagnir ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús:  | Frestdagur:       | Skiptafundur:                           |
|--|-------------------|---|
| AD lagnir ehf.,<br>kt. 480218-2560,<br>Brekkubyggð 51, Garðabæ | 22. desember 2025 | 1. júní 2026<br>mánudaginn<br>kl. 13:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [sgg@sgg.is](mailto:sgg@sgg.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9d, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 9. mars 2026  
**Sigurður G. Guðjónsson lögmaður**  
20260316017B

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Innköllun þrotabús - Gíslason ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús:  | Frestdagur:       | Skiptafundur:                            |
|--|-------------------|--|
| Gíslason ehf,<br>kt. 550165-0319,<br>Króki 2, 210 Garðabær | 28. nóvember 2025 | 5. maí 2026<br>þriðjudaginn<br>kl. 10:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [thorir@ccl.is](mailto:thorir@ccl.is)

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholt 50b, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. febrúar 2026  
f.h. Garðars Briem lögmanns,  
**Þórir Helgi Sigvaldason lögmaður.**  
20260223006B

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Innköllun þrotabús - Þórir Snær Guðjónsson

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 18. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Þórir Snær Guðjónsson,  
kt. 311090-3219,  
Ægisvellir 8, Reykjanesbæ

**Frestdagur:**

26. febrúar 2026

**Skiptafundur:**

9. júní 2026  
Þriðjudaginn  
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [sih@simnet.is](mailto:sih@simnet.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026  
**Sigurður I. Halldórsson**  
20260323002A

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Innköllun þrotabús - Sigurþór Sævar Einarsson

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 18. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Sigurþór Sævar Einarsson,  
kt. 230383-5969,

**Frestdagur:**

3. mars 2026

**Skiptafundur:**

9. júní 2026  
Þriðjudaginn

Ótilgreint, 200 Kópavogi

kl. 09:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [sih@simnet.is](mailto:sih@simnet.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026

**Sigurður I. Halldórsson**

20260323004A

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Innköllum þrotabús - Mom's Secret Café ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Mom's Secret Café ehf.,  
kt. 670916-0650,  
Norðurbakka 25, Hafnarfirði

**Frestdagur:**

28. nóvember 2025

**Skiptafundur:**

3. júní 2026  
miðvikudaginn  
kl. 12:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 5.hæð c/o Landslög slf., 105 Reykjavík. Netfang [gunnar@landslog.is](mailto:gunnar@landslog.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26 5. hæð, 105 Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026

**Gunnar Atli Gunnarsson lögmaður**

20260323009A

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Innköllun þrotabús - Fasteignafélagið Ö2 ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús:  | Frestdagur:       | Skiptafundur:                              |
|--|-------------------|--|
| Fasteignafélagið Ö2 ehf.,<br>kt. 700715-1240,<br>Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði | 28. nóvember 2025 | 3. júní 2026<br>miðvikudaginn<br>kl. 11:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 5.hæð c/o Landslög slf., 105 Reykjavík. Netfang [gunnar@landslög.is](mailto:gunnar@landslög.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26 5. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026  
**Gunnar Atli Gunnarsson lögmaður**  
20260323010A

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Innköllun þrotabús - Fannsker ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús:  | Frestdagur:     | Skiptafundur:                              |
|--|-----------------|--|
| Fannsker ehf.,<br>kt. 620811-0410,<br>Álfaskeiði 80, Hafnarfirði | 23. janúar 2026 | 3. júní 2026<br>miðvikudaginn<br>kl. 10:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 5.hæð c/o Landslög slf., 105 Reykjavík. Netfang [gunnar@landslög.is](mailto:gunnar@landslög.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26 5. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir

skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026  
**Gunnar Atli Gunnarsson lögmaður**  
20260323011A

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Innköllun þrotabús - Bergfag ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús:   | Frestdagur:       | Skiptafundur:                              |
|---|-------------------|--|
| Bergfag ehf.,<br>kt. 580624-1380,<br>Lindasmára 3, Kópavogi | 22. desember 2025 | 3. júní 2026<br>miðvikudaginn<br>kl. 09:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 5.hæð c/o Landslög slf., 105 Reykjavík. Netfang [gunnar@landslog.is](mailto:gunnar@landslog.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26 5. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026  
**Gunnar Atli Gunnarsson lögmaður**  
20260323012A

Útgáfud.: 23. mars 2026

### Skiptalok - Þb. Toppjár ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar sl. var bú Toppjár ehf., kt. 590808-0240, tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaðu skipaður skiptastjóri í því.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem námu samtals 22.211.421 krónur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag skipta.

Reykjavík, 16. mars 2026  
**Sveinbjörn Claessen lögmaður.**  
20260323001A

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Skiptafundur - Reykjavík Sportbar ehf.

Þann 10. apríl 2026 kl. 10.00 árdegis verður haldinn skiptafundur í þb. Reykjavík Sportbar ehf., kt. 541216-1970, að skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, 6. hæð, Reykjavík (Juris slf.).

Fundurinn er haldinn til að leggja fram frumvarp til úthlutunargerðar í þrotabúinu. Frumvarp til úthlutunargerðar mun liggja frammi hjá skiptastjóra til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögmeðtra hagsmuna að gæta á starfsstofu skiptastjóra síðustu tvær vikur fyrir fundinn í samræmi við 159. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þess má vænta að frumvarpið verði lagt óbreytt til grundvallar úthlutunargerð ef engin mótmæli koma fram gegn því.

Reykjavík, 16. mars 2026  
f.h. Ingvars Ásmundssonar skiptastjóra,  
**Sigurður Helgason.**  
20260323008A

Útgáfud.: 23. mars 2026

## Stefna - til greiðslu skuldar

*Framlagningarstaður:*  
*Héraðsdómur Norðurlands eystra*  
*hinn 30.4.2026*  
*Kröfunúmer 00357-260012*

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

*Stefndi/-u:* Ghost Ak ehf., kt. 540222-1770, Ásholti 3, 621 Dalvík, fyrirsvarsmaður Sölvi Antonsson, kt. 061279-4079, með ótilgreint heimilisfang á Akureyri og Sölvi Antonsson, kt. 061279-4079 með ótilgreint heimilisfang á Akureyri.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 460.915, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 460.904 frá 3.11.2025 til 2.12.2025, af kr. 460.915 frá 2.12.2025 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á reikningsyfirlitum v/VISA greiðslukorts:

| Nr. | Útgáfudagur | Gjalddagi  | Fjárhæð |
|-----|-------------|------------|---------|
| 1   | 27.10.2025  | 03.11.2025 | 460.904 |
| 2   | 27.11.2025  | 02.12.2025 | 11      |

Skuld stefndu er til komin vegna úttekta stefnda, Ghost Ak ehf., með VISA greiðslukorti sem endar á nr. \*-2528, sbr. dskj. nr. 3. Þann 4.1.2024 undirritaði stefndi, Sölvi Antonsson, yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð vegna greiðslukortsins en með yfirlýsingunni ábyrgðist ábyrgðaraðili efnidir skuldarinnar með korthafa. Samkvæmt skilmálum kortsins bar að greiða úttektir hvers tímabils til stefnanda í síðasta lagi annan dag næsta mánaðar eftir lok viðkomandi tímabils. Skuldin hefur hins vegar ekki verið greidd af hálfu stefndu. Stefndu hefur verið tilkynnt um vanskilin, sbr. dskj. nr. 6-11. Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki skilað árangri er nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu skuldarinnar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi Sölvi Antonsson, sem jafnframt er fyrirsvarsmaður Ghost Ak ehf. sagður með óþekkt heimilisfang á Akureyri en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Skráð lögheimili Ghost Ak ehf. er í íbúðarhúsnæði og ekki vitað um starfsemi á staðnum. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Krafa um greiðslu málskostnaðar byggir á ákvæðum 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og er fjárhæð málskostnaðar útlistuð á málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 10. Undir málskostnaðarkröfu stefnanda fellur bankakostnaður vegna ógreiddra gjalda sem fallið hafa á skuldina fram að löginnheimtu, vegna innheimtu skuldarinnar, sbr. g-liður 1. mgr. 129. gr. laganna. Stefndi er skuldbundinn til að greiða kostnaðinn samkvæmt 12. gr. kreditkortaskilmála stefnanda, sbr. dskj. nr. 7 og eru einstaka liðir viðkomandi gjalda tilteknir í viðeigandi liðum í verðskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 8.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningyfirlit v/VISA-úttekta.
4. Sjálfskuldarábyrgð v/kreditkorta.
5. Reikningasaga.
6. Innheimtuviðvörðun.
7. Innheimtubréf.
8. Kreditkortaskilmálar stefnanda.
9. Verðskrá stefnanda.
10. Lýsing á frum- og milliinnheimtufarli.
11. Upplýsingar úr þjóðskrá.
12. Útprintun úr Hlutafélagaskrá.
13. Málskostnaðarreikningur.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Norðurlands eystra, á dómþingi sem haldið verður í dómsal B, Hafnarstræti 107, 4. hæð, Akureyri, þann 30.04.2026, kl. 13.30 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

F. h. stefnanda,

Reykjavík, 2. mars 2026  
f.h. Ragnhildar Sophusdóttur lögmanns,  
**Þorsteinn Ingi Valdimarsson lögmaður.**  
20260323005A

---

Lögbirtingablað,

50. tölublað 2026.

---

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

**Kristín Þórðardóttir**

---

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.